



### Fundargerð

Fundur í Stjórn Barmahlíðar

Mánudaginn 11.03.19 kl. 14:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Embla Dögg Bachmann, Karl Kristjánsson og Ingimar Ingimarsson í forföllum Árnýjar Huldar Haraldsdóttur. Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.

Embla Dögg bauð fundarmenn velkoma og setti fund.

### Dagskrá:

1. **Lyfta:** Torfi Sigurjónsson mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir tilboðum í nýja lyftu.  
Lögð fram tilboð frá tveimur aðilum. Samþykkt að fela hjúkrunarforstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Íslandslyftur.  
Sveitarstjóra falið að sækja um styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra í verkefnið.
2. **Rekstur síðasta árs:** Sveitarstjóri lagði fram útkeyrslu úr reikningum Barmahlíðar fyrir árið 2018. Ljóst er að nokkur halli var að rekstrinum á síðasta ári. Farið verður yfir fjármál Barmahlíðar á næsta fundi.
3. **Önnur mál:** Engin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:05**

---

---

---

---

---